



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 11. mars 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:05 - 20:25.

Mætt voru: Ester Bíbí Ásgeirsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Viggó K. Jóhannsson. Katrín Baldursdóttir og Hjalti Hrafn Hafþórsson voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Sósíalístaþing 6. apríl í Bíó Paradís; dagskrá, þjónustunefnd, blær og tilgangur

- Aðalfundur; lagabreytingar, breytingar á skipulagi flokksins, skýrsla stjórnar, kosningar í stjórnir, samþykktir málefnaþingar
- Framlag málefnaþingar og félagastjórnar, Samvisku og kjörnefndar, verkalýðsráðs og Maístjórnar
- Sérfundir: Ungir sósíalistar, sósíalísk námsmannahreyfing, sósíalískir femínistar, meistaradeild sósíalísta o.fl. Gul vesti?
- Málstofur: Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar, Sósíalísmínn er mannúðarþing, Sósíalísmínn sem einfalt áhald
- Rautt kver um flokkinn

Farið var yfir og rætt um ofangreindar tillögur að dagskrárliðum.

Fram kom að tillögur að lagabreytingum þurfa að liggja fyrir 25. mars.

Prenta á bækling með vinnuheitið Rautt kver til að dreifa á þinginu. Þar verða þing flokksins, uppbygging, starfshættir og verkefni skýrð. Stefnt að því að efnisyfirlit verði tilbúið fyrir næsta fund.

Hugmynd kom fram um að fá fyrirlestur frá Róttæka sumarháskólanum um endurreisn sósíalísmans á alþjóðavísu eftir hrún.

3. Maístjarnan, næstu verkefni

Samskipti eru hafin við baráttuhóp flóttamanna.

4. Verkefni stjórnarmanna, við hvaða verkefni vilja stjórnarmenn starfa?

Minnt á mikilvægi þess að stjórnarmenn séu virkir og þeir hvattir til að taka að sér þau verkefni sem eru fyrirliggjandi.

5. Framhald umræðu um umræðuhóp

Katrín, Sanna og Laufey lögðu fram í Facebook-hópi framkvæmdastjórnar tillögu að samskiptareglum fyrir umræðuhóp sósíalista á Facebook. Séu stjórnarmenn samþykkir læka þeir færsluna.

6. Fjárhagur flokks og Maístjörnu, staða á reikningum

Flokkurinn: 314.591 kr., Maístjarnan: 1.710.659 kr.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.